

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR/11050131	Ábm.	PP
Db.	2.4.60	Aðrir	56
Mótt.	13 sept. 2012	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Forsætisráðuneytið
 Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra
 Stjórnarráðshúsinu
 150 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2012

Efni: Auðlindastefnunefnd skilar skýrslu sinni.

Með bréfi þessu skilar nefnd um stefnumörkun í auðlindamálum ríkisins skýrslu sinni til forsætisráðherra, sbr. erindisbréf og skipunarbréf nefndarmanna frá því í júlí 2011.


Nefndin lýkur störfum svo skipuð: Arnar Guðmundsson formaður, fulltrúi forsætisráðherra; Álfheiður Ingadóttir, fulltrúi umhverfisráðherra; Indriði H. Þorláksson, fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra; Gunnar Tryggvason, fulltrúi iðnaðarráðherra; Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi fjármálaráðherra, og Ragnar Arnalds, fulltrúi innanríkisráðherra. Breytingar á skipan ráðuneyta 1. september 2012, þegar þrjú ný ráðuneyti komu í stað fimm af þeim sjö ráðuneytum sem vísað er til hér að framan, höfðu ekki áhrif á skipan nefndarinnar.

Drög að skýrslu nefndarinnar voru kynnt opinberlega með málþingi í Hörpu 22. júní 2012. Þar fjölluðu sérfræðingar um tillögur nefndarinnar og fulltrúar þingflokka lýstu afstöðu sinni. Að loknu málþingi var almenningi og hagsmunaaðilum gefinn frestur til að koma á framfæri athugasemdum við skýrsludrögin, sem birt voru á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Endanlegri skýrslu nefndarinnar er nú skilað, að lokinni úrvinnslu á þeim ábendingum og athugasemdum sem settar voru fram á málþinginu og í kjölfar þess. Um forsendur verkefnisins, tilhögun og framvindu að öðru leyti vísast til inngangskafla skýrslunnar.

Auðlindastefnunefnd telur mikilvægt að stefna ríkisins í auðlindamálum taki einnig til samfélagslegrar víddar sjálfbærrar þróunar, þ.e. að skapa víðtæka sátt í samfélaginu um auðlindamál þjóðarinnar án þess þó að ganga á rétt komandi kynslóða eða rekstrarhæfi og vaxtarmöguleika þeirra atvinnugreina sem byggja beint á auðlindanýtingu. Þannig næst stöðugleiki til framtíðar.

Í skýrslunni eru settar fram tillögur um stefnu og aðgerðir sem miða að þessu markmiði. Kjarnaatriði í þeim tillögum er álagning auðlindarentuskatts og nýtingargjalds, að teknu tilliti til ólíkra auðlinda, og skýrari reglur um lengd nýtingarsamninga og endurnýjun þeirra. Ennfremur eru tillögur um Auðlindareikning þar sem tekjur ríkisins af auðlindum yrðu dregnar fram með skýrum hætti og um samræmda auðlindaumsýslu af hálfu ríkisins. Flestar þessar tillögur kalla á lagabreytingar.

Virðingarfyllst,


 Arnar Guðmundsson formaður